


ARNI HELGASON

TILRAUN I STORSEIÐAELDI.

Eintak bikasafns

VMST-R / 86020



VEIÐIMÁLASTOFNUN

VAGNHÖFÐA 7 - 112 REYKJAVÍK

21

ARNI HELGASON

TILRAUN I STORSEIÐAELDI.

(Áfangaskýrsla 1.)

Stórseiðaldi

Inngangur

Tilraun með stórseiðaeldi í Kollafirði hófst um miðjan janúar 1986. Þetta var seinna heldur en ráðgert var, en nokkur óvissa ríkti í upphafi um möguleika og réttmæti þess að framkvæma tilraunina í Kollafirði þar sem nýrnaveiki hafði hrjád fiskinn í stöðinni. Af þessum sökum hófust tilraunir ekki með fyrstu klakseiðum, eins og áskilegt hefði verið, heldur u.þ.b. mánuði síðar.

Sérstök aðstaða hefur verið útbúin í Kollafjarðarstöðinni fyrir tilraunina, og er leitast við að hafa sem mestan aðskilnað milli Kollafjarðarstöðvarinnar sjálfrar og tilraunaaðstöðunnar.

Um miðjan janúar var líffræðingur, Jónas Jónasson, ráðinn í hálfstarf við verkefnið, og mun hann annast daglegar framkvæmdir og eftirlit.

Skipulag tilraunanna.

Tilraunahóparnir eru valdir úr 3 laxastofnum:

1. Kollafjarðarstofn (Frá Laxeldisstöð ríkisins)
2. Þverá í Borgarfirði (Frá Fiskræktarstöð Vesturlands)
3. Stóra-laxá í Hreppum (Frá Laugalax hf)

Móurfiskur var sérstaklega kannaður með tilliti til nýrnaveiki, og staðfestu prófanir í öllum tilvikum, að nýrnaveikismit væri ekki til staðar.

Í upphafi var byrjað með 10-15 þúsund hrogn af hverjum stofni. Hinir eiginlegu tilraunahópar í stórseiðaeldi eru valdir með tilviljanakenndum hætti úr þessum hópum, þegar laxaseiðin hafa náð 1.0 g stærð. Tilraunahóparnir eru hver um sig með 5000 seiðum. Laxaseiði af Kollafjarðarstofni hafa þegar náð þesum marki, en hinir tveir eru skammt undan.

Frumfóðrun laxaseiðanna var gerð með EWOS fóðri, en eftir það er notað TESS fóður. Sú nýbreytni er tekin upp við fóðrun, að stjórna henni mun nákvæmar en almennt er tíðkað í eldi. Sérstakir fóðrarar voru keyptir frá Noregi, sem gera það mögulegt að gefa nákvæma dagskammta, en þeir eru ákvarðaðir vikulega miðað við stærð fisksins, vöxt og hitastig.

Helstu niðurstöður

Þar sem tilraunin er aðeins skammt á veg komin, þá liggja ekki fyrir miklar niðurstöður enn sem komið er. Þó er athyglisvert, að greinilegur munur er á stofnunum þrem hvað varðar framgang, og standa laxaseiði af Kollafjarðarstofni fetinu framar en hinir stofnarnir tveir. Þetta kemur m.a. fram í minni afföllum í klaki og frumfóðrun, styttri frumfóðrunartíma og að því er virðist betri vexti, eins og sjá má af bráðabirgðalínurit yfir vöxt fyrstu 73 daga tilraunarinnar.

Yfirlit yfir fjármál.

Kostnaður við tilraunina er í meginatriðum í samræmi við fjárhagsáætlun í upphafi. Styrkuppþæð til þessa hefur verið varið eins og sýnt er í hjálögðu yfirliti. Auk þess hefur verið pöntuð vog, sem kostar um 100.000 kr, og er hún ógreidd.


Yfirlit yfir fjárreiður í tilraunaverkefni RR52 til 01.04.1986

Afgreitt af styrkuppð : 400.000 kr.

Kaup á hrognum	48.000
Vatnstenging í efra húsi	21.000
Undirstöður fyrir tilraunaeldsker	25.000
Fóðrarar vegna tilraunarinnar	86.000
Varmaskiptir vegna tilraunar	59.000
Fóðurkaup	25.000
Launakostnaður	80.000

Samtals	344.000
Afgreitt af styrk	400.000

Mismunur	66.000


Arni Helgason

Voxtur á laxaseidum.

